ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 3.tbl.3.árg.1974

VERÐ: 30 kr.

TREYSTUM EKKI Á ENDURBÓTASINNUÐU FORYSTUNA - HÚN SVÍKUR OKKUR

Viðtal við Guðmund Sigurvinsson verkamann

Það kemur stöðugt betur í ljós, að skilgreining KSML á verkalýðsforystunni er algjörlega rétt, að það eru þeir sem ganga erinda auðstéttarinnar innan raða verkalýðsins. STÉTTABARÁTTAN hefur margoft sýnt fram á, að þessi uppkeytp skríll í verkalýðsforystunni sé fimmta herdeildin innan raða verkalýðshreyfingarinnar og að í gegnum beinar og óbeinar mútur hefur borgarastéttin algjörlega tryggt sér stuðning þessara verkalýðssvikara.



Guðmundur Sigurvinsson

Í Stb. 6. tbl. 1973 eru rakin embætti og bitlingar "verkalýðsforingjanna", eins og t.d. Guðmundar J., sem hefur fjöldamörg embætti í stjórnum og ráðum auðvaldsins; meðal annars er hann stjórnarmaður í Innkaupastofnun ríkisins, stjórnarmaður í Byggingaráætlun Breiðholts, stjórnarmaður í BÚR, stjórnarmaður í Hafnarstjórn Reykjavíkur, fulltrúi í Öryggisráði ríkisins, varamaður í Borgarstjórn Reykjavíkur fyrir Alþýðubandalagið og einnig var hann lögreglumaður í þágu hinna ríku, 1949-50 á Siglufirði. Þessi stjórnar- og nefndamaður kapítalíska ríkisbáknsins er síðar varaformaður og starfsmaður Dagsbrúnar og þáði í laun 1972 1 milljón og 90 þús. kr. (reiknað samkvæmt skattaframtali) fyrir vel unnin störf í þágu borgarastéttarinnar.

Í síðustu samningum hirti auðmannastéttin arðinn af því að múta Guðmundi J.; það var ekki aðeins að hann og aðrir í ASÍ-forystunni hafi beinlínis stuðlað að launalækkun, séð út frá hinum gífurlegu verðhækkunum, heldur hafa þessir svikarar við verkalýðinn reynt í þessum samningum að ræna öllum þeim réttindum, sem verkamenn hafa áunnið sér með þrotlausri áralangri baráttu.

Í sérsamningunum við hafnarverkamenn hjá Eimskip ætlaði forystan í Dagsbrún að bæta þessu einokunarfyrirtæki upp hina smánarlegu kauphækkun á einu bretti með því að auka vinnuálagið. Í hverju gengi átti að fækka úr 8 í 4 og einnig átti að skikka nokkra menn til að mæta á undan öðrum til að gera klárt, svo hægt væri að byrja að fullum krafti, þegar hinir kæmu. Í þessu samningsákvæði kemur skýrt fram, hverjum þessi lýður lætur betur að þjóna. En auk þessa ákvæðis áttu verkamenn einnig að samþykkja, að almennur kaffitími yrði lagður niður og þeir látnir vinna í einni striklotu til þess að auka afköstin. Í "bætur" fyrir að kaffitíminn er felldur niður, átti núna að greiða uppbætur, en það geta verkamenn verið vissir um að þeir fá engar "bætur" í næstu samningum fyrir kaffitíma, sem þeir sömdu af sér í síðustu samningum, ef hann verður tekinn af þeim núna.

Verkalýðsforystan í Dagsbrún hefur lagt sig alla fram til að koma þessum samningum í gegn, en verkamenn hjá Eimskip hafa staðið hart gegn öllum tilraunum þeirra og fellt samningana.


En það er ekki bara hjá hafnarverkamönnum Eimskips, sem forystan gengur erinda atvinnurekenda, það eru einnig fleiri verkamannahópar, sem verkalýðsforystan hefur reynt í gegnum sérsamningana að lækka laun hjá. Til dæmis hjá steypukranamönnum, þar er kauplækkunin, vegna sérsamningana, meiri heldur en hækkunin. Af þeim er ekki aðeins tekin kaffitíminn heldur einnig matartíminn, og þeim er gert skylt að vinna matartímann, ef verkkaupinn æskir þess. Þetta verður að teljast það lengsta sem forystan hefur hætt sér til að koma í veg fyrir að launahækkanirnar skerði nokkuð milljónagróða auðmannanna. Steypukranamenn hafa mótmælt þessum samningum harðlega og bundist samtökum til að koma í veg fyrir, að laun verði lækkuð beint í þessum samningum. En það er ekki nóg, að verkamenn bindist samtökum í kjarabaráttunni til að verja laun sín, verkamenn verða að bindast pólitískum samtökum, sem miða ekki alla starfsemi sína við launabaráttu, heldur baráttu fyrir afnámi arðránskerfis kapítalismans. Þetta hefur áratuga löng barátta verkalýðsins löngu sannað. Snúa verður baráttu verkalýðsins að rótum þeirrar launaskerðingar, sem verkalýðurinn verður að þola, arðránskerfi kapítalismans, og byggja á rústum þess verkalýðsríki sósíalismans.

Verkalýðsstéttin á Íslandi er smátt og smátt að vakna til meðvitundar um þetta sögulega hlutverk sitt og um leið lendir hún stöðugt í harðari andstöðu við sósíaldemókratíið og uppkeyptu forystuna í verkalýðsfélögunum og tekur í auknum mæli upp sjálfstæða skipulagningu, þó að hún hafi ekki enn fengið byltingarsinnað inntak.

Stéttabaráttan hafði samband við einn forystumanna steypukranamannanna og tók við hann viðtal, sem hér fer á eftir:

Sb: Hvaða atriði eru það, sem þið eruð óánægðir með í samningunum?

Guðmundur Sigurvinsson: Það sem okkur steypukranamenn varðar - fyrir aðra getum við ekki svarað - er fyrst og fremst, að verkalýðsforystan skuli hafa samið um starf, sem hún hefur enga þekkingu á og að til okkar hafi ekki verið leitað eftir nauðsynlegri þekkingu, sem hlýtur að vera grundvöllur þess, að kröfur okkar nái fram að ganga. Til dæmis var samið af okkur í þessum samningum matar- og kaffitíma og samningarnir hljóða upp á, að "þegar 2ja manna kerfi er beitt, skulu báðir starfsmenn vera á vinnustað. Þó skal þeim skylt að skiptast á um matar- og kaffitíma án aukagreiðslu, sé það ósk veinnuveitenda að tækið vinni stöðugt." (Tilvitnun úr sérsamningum kranamanna). Með þessu er verið að semja af okkur réttindi, sem allir hafa og okkur gert skylt að vinna matar- og kaffitíma, án þess að fá nokkra aukagreiðslu fyrir. Það er ekki aðeins verið að taka af okkur þessi sjálfsögðu réttindi, heldur er einnig með þessu verið að lengja vinnutímann hjá okkur úr 40 í 45 stundir, þar sem við erum skyldaðir



Ein og myndin sýnir eru aðstæður kranamannanna á steypukrönunum mjög frábrugðnar aðstæðum við hafnarkranana.

til að vinna hádegismatartímann "ef þörf krefur" eins og stendur í samningunum. Einnig erum við mjög óánægðir með matið á ákvæðinu um starfstímann og yfirleitt alla framkvæmdina á því ákvæði. Þar kemur beinlínis í ljós, að um starfstímann hefur eingöngu verið samið með tilliti til hagsmuna atvinnurekenda.

Til þess að öðlast full laun fyrir vinnuna, verður verkamaðurinn að vinna 7 ár hjá sama atvinnurekanda. Vilji hann hins vegar fara til annars fyrirtækis eftir 5 ár, er því fyrirtæki heimilt að setja hann á byrjunartaxta. Ákvæði þetta er alveg út í hött, hvað tímann snertir, það er að starfstíminn skuli miðaður við árafjölda, en ekki unnin tíma. Atriði þetta kemur vægast sagt mjög illa við menn sem

Framhald á bls.3

SKATTATILFÆRSLURNAR VERNDA GRÓÐA AUÐVALDSINS

Um þessar mundir er alþingi að reka smiðshöggið á kjarasamningana. Eftir að "fulltrúar" verkalýðsins og atvinnurekenda höfðu eytt fjórum mánuðum á svítum Hótels Loftleiða við samningagerð, og að þeim loknum breytt upphaflegu tilboði atvinnurekenda um 1%, hófst eftirleikurinn. Stóra stríðið á þingpöllunum stóð um skattatilfærslur og álagningarsjónhverfingar. Stjórnin lagði til, að framvegis lækkuðu tekjuskattar, en söluskattur hækkaði í staðinn. Hins vegar samþykkti stjórnarandstaðan skattalækkunina, en "lækkaði" söluskattshækkunina um 1%! Skrípaleikurinn á þingpöllunum, sem á að draga athygli almennings frá þeirri staðreynd, að verðlag á flestum nauðsynjavörum hefur hækkað gífurlega og heldur áfram að hækka, afhjúpar enn einu sinni innihaldsleysi og fánýti alþingis. Alþingi er kjaftasamkunda, "lýðræðisleg" framhlið þess alræðis íslensku borgarastéttarinnar, sem í ystu lög byggir á vopnuðu ofbeldi lögreglu og h ítliðasveita. Meira að segja guðhræddur og kristilegur varaþingmaður Hannibals eys úr skálum reiði sinnar og krefst þess, að "musteri" þingræðisins verði hreinsað af þeim sofandalegu trúðfíflum, sem hnakkrífast þar út af aukaatriðum.

"RÍKISREKSTRARSÓSÍALISMI" AB-FORYSTUNNAR.

Nýgerðir kjarasamningar gefa ákjósanlega hugmynd um ofurtrú "ríkisrekstarsósíalistanna" í Alþýðubandalags-forystunni á afskiptum ríkisvaldsins af kjaradeilum og notkun þess til að koma á atvinnufriði fyrir herra þeirra, kapítalistana. Í stað verkfallsvopnsins á verkalýðurinn að semja við arðræningjana um hversu háan hundraðshluta arðránið á að tryggja kapítalistunum næstu tvö árin, fyrir utan þær vöruhækkanir, sem enn rýra kaupgetu verkalýðsins, lækka í raun og veru kaup verkalýðsins. Þessar hugmyndir eru ekki nýjar af nálinni, enda viðurkenndar og lögfestar af borgaralega ríkisvaldinu, hrósað í blaðakosti auðvaldsins og lofaðar af stéttsvikurunum í forystu ASÍ. Það sem er nýtt við nýafstaðna kjarasamninga, eru sjónhverfingarnar með skattana. "Alþýðustjórnin" bauðst til að lækka tekjuskattana, gegn því að söluskattur yrði hækkaður í 5%. (Eftir hólmgöngu stjórnar og -andstöðu á þingpöllunum var sæst á 4% söluskattshækkun). M.ö.o. í stað beinnar launalækkunar var gripið til svonefndrar "óbeinnar launahækkunar".

En hvað á verkalýðurinn að hafa áhyggjur af því hvernig auðvaldið arðrænir hann? Á verkalýðsflokkurinn að leggja kapítalistunum ráð, svo að þeir geti falið launalækkunina á bak við álagningartilfærslur og skattasjónhverfingar? Það er aðeins sæmandi lágkúrulegum stéttsvikurum eins og AB-forystunni og pólitískum flautaþyrlum eins og Fylkingunni að rífast út af forminu á arðráninu, endurbætur og tillögur "ríkisrekstrarsósíalistanna" reynast alltaf innihalda mannúðlegra arðrán, sósíaldemókratíska útjöfnun fátæktarinnar! Eftir að AB-forystan (og samskonar forverar þeirra í Alþýðuflokknum og síðar Sósíalistaflokknum) hafa háð kjarabaráttuna í 50 ár innan ramma borgaralega lýðræðisins og kæft eða afvegaleitt alla pólitíska baráttu verkalýðsins sem stefnir út fyrir þingræðið, stendur verkalýðurinn nákvæmlega jafnilla að vígi og í upphafi baráttunnar. Allt tal um að ríkið eigi að grípa inn í kjaradeilur, sáttasemjari eigi að fá alræðisvald, gerðardómur fái öll mál til meðferðar, verkfallsbarátta sé úrelt, o.s.frv. o.s.frv. er aðeins fyrstu hjáróma kröfurnar um að verkfallsbarátta verkalýðsins verði lagalega afnumin. Mússólíni öskraði sig hásan yfir ítölsku svartstökkunum um sömu "nútíma" kröfur og "nútíma" aðferðir í kjaradeilum fyrir hálfri öld. Hitler áleit, að ríkið ætti að ákveða laun og verð; nasistarnir bönnuðu verkalýðshreyfinguna og létu lífláta forystumenn verkalýðsstéttarinnar.

Þegar AB-forystan lætur í veðri vaka, að breytingar á sköttun auðvaldsins hafi umbætur í för með sér fyrir verkalýðinn, er hún að vinna í þágu auðvaldsins. Auðvitað getur hún ekki staðið frammi fyrir verkalýðnum og sagt: "Nú fara slæmir tímar í hönd fyrir kapítalistana, nú verður verkalýðurinn að taka ábyrgðina á sínar herðar. Launin ykkar verða lækkuð til að bjarga auðvaldinu frá gróðamissi." AB-forystan er knúin til að beina athygli verkalýðsins frá launalækkuninni og vöruverðshækkuninni með því að lofa: "Sannið til, skattatilfærslan mun borga margfalt launamissirinn til baka." AB-forystan er með skattatilfærslunni að vernda gróða auðvaldsins.

AFSTAÐA KOMMÚNISTA TIL SKATTA.

Allar tilraunir smáborgaranna í Sósíalistafélagi Reykjavíkur og Fylkingunni til að sýna fram á, að þetta eða hitt form skattlagningar sé betra eða verra, eru aðeins vangaveltur smáborgarans yfir því hvernig "endurbótum" verður best viðkomið á auðvaldsskipulaginu. Einkenni smáborgarans er að fást sífellt við vandamál, sem snerta formið eða eru aukaatriði í frelsisbaráttu verkalýðsins, honum er algerlega fyrirmunað að skilja kjarna málsins, nefnilega að verkalýð-

FRH. Á BAKSÍÐU

Pólitískar ofsóknir

KOMMÚNISTI REKINN AF HEIMAVIST M.A.

Einn félagi KSML á Akureyri hefur verið rekinn af heimavist Menntaskólans fyrir "andúð á stjórnarskránni". Stéttabaráttan birtir hér hluta af grein eftir Einar Pálsson, félaga í KSML, sem hann skrifaði í skólablað MA:

A fundi með heimavistarráði sagði meistari, að forsendur fyrir brottvikningunni væru að **Einar hefði sýnt sér móðgun með kærunni og „að hann þyldi ekki að hafa mann, sem hefði andúð á stjórnarskránni undir sama þaki.“**

Hvernig stendur á því, að félagi Einar, eins og allir aðrir kommúnistar, hefur andúð á „Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands“? Einfaldlega vegna þess, að hún er til þess að halda hinni arðrændu stétt, öreigastéttinni, í helgreipum borgaranna og viðhalda þar með auðvaldsskipulaginu. Við skulum líta snöggvast í stjórnarskrána.

„36. gr.: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska frið þess né frelsi.“

Hér bregðum við sverðinu Lenín á loft.

„Að ákveða einu sinni á nokkrum árum, hver úr ríkjandi stétt skuli vera fulltrúi og böðull þjóðarinnar í ríkisþinginu, — það er í raun réttri þungamiðja þingræðisins, ekki einungis í löndum, sem hafa þingbundna konungsstjórn, heldur einnig í allra lýðræðislegustu þjóðveldum .... Hin eiginlegu „ríkisstörf“ eru unnin bak við tjöldin af ráðuneytum, skrifstofum og herforingjaráðum. Í ríkisþingunum er ekki gert annað en þvaðra í þeim sérstaka tilgangi að draga „almúgann“ á asnaeyrum.“ (Ríki og bylting, bls. 57—58).

„67. gr.: Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.“

Eignarréttur borgaranna á framleiðslutækjunum er sem sagt friðhelgur. Það hefur sýnt sig, að setja má jafnaðarmerki á milli „almenningsþarfa“ og heildarhagsmuna borgarastéttarinnar. Ekki held ég að það eigi fyrir leikurunum við Alþingisleikhúsið að liggja að lögfesta eignarrétt öreigastéttarinnar á framleiðslutækjunum.

„73. gr.: Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi ....“

Samkvæmt lögum borgaranna er ekki löglegt að kollvarpa auðvaldsþjóðfélaginu, en það er einmitt markmið kommúnista. „74. gr.: Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.“

„Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir“ því að með vopnum mun verkalýðurinn kollvarpa auðvaldsþjóðfélaginu og reisa alræði sitt.

Kröfugöngur og útifundir kommúnista hafa alltaf verið taldar „óspektir.“

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum!

„75. gr.: Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálf ur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.“

Með einu pennastriki geta borgararnir komið á fót föstum her (fyrir utan lögreglu, landhelgisgæslu og hvítliðasveitir). Sem sagt; heimild til að siga íslenskum öreigum gegn stéttbræðrum sínum í öðrum löndum og jafnvel innanlands.

Er það nokkur furða, þótt menn vilji ekki sofna með slíka „biblíu“ í fanginu?

Hvað þýðir það að reka nemanda fyrir að hafa andúð á stjórnarskrá, sem þjónar borgurunum? **PÓLITÍSKAR OFSÓKNIR!**

Og við skulum ekki halda að þetta séu endalokin. Meistari mun með valdi sínu vafalaust „hreinsa“ þessa menntastofnun. Eða hvað merkir „að hann þyldi ekki að hafa mann, sem hefði andúð á stjórnarskránni undir sama þaki“?

Mega kommúnistar ekki vera í skólanum?

Einar Pálsson.

LEIÐARI

Leiðarinn túlkar afstöðu miðstjórnar.

Í maílok verða haldnar borgar-, bæja- og sveitastjórnarkosningar. Þá munu íslensku stjórnmálaflokkarnir enn einu sinni setja áróðursvélarnar á fulla ferð; enda þótt allir séu sannfærðir um ágæti og eilífleika hins borgaralega þingræðis, hver á sinn hátt, leggja þeir áherslu á mismunandi atriði og vandamál í lýðskrumsáróðri sínum. Sjálfstæðisflokkurinn talar um "grænu byltinguna" í Reykjavík, Alþýðubandalagið skrækir um sameiningu vinstri aflanna gegn íhaldi og óstjórn, Alþýðuflokkurinn hefur fátt til málanna að leggja, enda ræður hann aðeins einni síðu í pólitísku málgagni sínu núorðið (!) og Bjarni Guðnason gagnrýnir ofríki "stórflokksins". Enginn þessara flokkar kemur nálægt kjarna málsins, enginn þeirra minnist á sannleikann um borgaralega þingræðið, enda eru allir þessir flokkar fulltrúar borgarastéttarinnar eða smáborgarastéttarinnar. Þeir þegja allir um aðalatriði þingræðisins og lýðræðisins, nefnilega að þingræðið er þingræði borgarastéttarinnar gegn verkalýðsstéttinni og að lýðræðið er borgaralegt lýðræði fyrir arðræningjana gegn hinum arðrænda verkalýð.
Hið borgaralega þingræði einkennist annars vegar af því að vera fíkjulauf yfir alræði borgarastéttarinnar, framhlið sem raunverulega dylur sjálft ríkisvaldið og hið vopnaða ofbeldi (í formi lögreglu og hvítliðasveita), sem borgarastéttin byggir vald sitt á í ystu lög. Hins vegar eru stjórnmálaflokkarnir fulltrúar fyrir ýmsa hópa innan borgarastéttarinnar og smáborgarastéttarinnar, pólitískir fulltrúar þessara hópa sem tryggja þeim aðgang að og veita þeim umbun með embættum í ráðum og nefndum borgar og ríkis, í bankaráðum, leikhús, útvarps-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðum o.s.frv. o.s.frv.
Þetta síðara einkenni borgaralega þingræðisins dylst engum, sem fylgist með mannaskiptum eftir hverjar kosningar í flestum ráðum og nefndum, mannaskiptum sem byggjast á samningum og kraftahlutföllum milli flokkanna. Enginn sem tekur málstað verkalýðsins gegn borgarastéttinni, ekki aðeins í orðum og yfirlýsingum, heldur einnig í verki, getur tekið þátt í slíkum hrossakaupum og pólitísku mútumakki. Raunverulegir verkalýðssinnar (og það getur enginn talist nema sá, sem styður pólitíska valdatöku verkalýðsins) verða að berjast gegn borgaralega þingræðinu og borgaralega lýðræðinu, ekki síður en öðrum tækjum og hlutum hins borgaralega þjóðfélags.
Sá sem ekki gerir sér grein fyrir, að borgaralega lýðræðið og borgaralega þingræðið er líka alræði auðvaldsins, hann lendir óhjákvæmilega inn í blindgötu endurbótanna - að endurbæta kúgunartæki arðræningjanna og hjálpa þeim við að fela arðránseðli þess, það er kjarninn í þingræðislegum örverpishætti "sósíalista" af sömu gerð og Magnús Kjartansson & co. Slíkir menn eru ekki "sósíalistar" verkalýðsstéttarinnar, heldur "sósíalistar" borgarastéttarinnar.

AFSTAÐA KSML TIL ÞINGRÆÐISINS

Á 1. ráðstefnu KSML, sem haldin var um síðustu áramót, var eftirfarandi ályktun um "Ríkisvald auðvaldsins og borgaralega þingið" samþykkt:

"Þingræðið, sem er eitt af ríkisformum auðvaldsins, er sérstakt kerfi sem aðskilur löggjafarvald þjóðfélagsins frá framkvæmdavaldinu.
Í rauninni er þingræðið aðeins sjónarspil sem sett er á svið til að telja verkalýðnum trú um að hann hafi eitthvert áhrifavald í borgaralega þjóðfélaginu gegnum þingið með kosningum og til að dylja hina raunverulegu "ríkisstarfsemi" sem fer fram í ráðuneytum, skrifstofum, herráðum o.s.frv. Þungamiðja þingræðisins er með orðum Marx, "að ákveða þriðja eða sjötta hvert ár, hver úr flokki ríkjandi stéttar skuli verða fulltrúi og böðull þjóðarinnar í þinginu.
"Þegar auðvaldsþjóðfélagið þróaðist af stigi frjálsrar samkeppni yfir á stig einokunar, áttu sér stað sambærilegar breytingar í yfirbyggingu þess: hið borgaralega lýðræði hóf að breytast í afturhald á gervöllu pólitíska sviðinu. Í auðvaldsþjóðfélagi á heimsvaldastigi þjóna allar ríkisstjórnir fjármálaauðvaldinu, sem hefur gert ríkisvaldið að pólitísku drottnunartæki sínu.
"En hið borgaralega lýðræði er almennt séð í mótsögn við framleiðslugrundvöll auðvaldsþjóðfélagsins og sérstaklega þegar það komst á stig heimsvaldastefnunnar. Mótsetningin felst í því, að borgaralega lýðræðið lýsir yfir jöfnum rétti allra þjóðfélagsþegna, um leið og framleiðsluafstæðurnar byggja á arðráni manns á manni, á kúgun borgarastéttarinnar á verkalýðnum.
"Kommúnistar verða að notfæra sér þetta tvíþætta eðli borgaralega lýðræðisins, sem annars vegar lýsir yfir jöfnum pólitískum réttindum allra þjóðfélagsþegna, en hins vegar skerðir þetta frelsi á ótal vegu, beint og óbeint, af því að það er stéttarlegt kúgunarvald borgarastéttarinnar gegn öreigastéttinni. Kommúnistar verða að tengja saman lögleg form byltingarbaráttunnar og ólögleg form hennar, að skapa alhliða starfsáætlun sem er skilyrði fyrir því, að byltingarbarátta þeirra verði sigursæl. Að hafna þátttöku í borgaralegum, afturhaldssömum þingræðisstofnunum og fjöldasamtökum er grundvallarlega andstætt hinni lenínísku taktík og leiðir óhjákvæmilega til ósigur fyrir verkalýðsstéttina. Verkefni kommúnista í hinni þingræðislegu baráttu, er að afhjúpa hið rotna borgaralega þingræði frammi fyrir verkalýðnum og svipta þannig grundvellinum undan þeim þingræðislegu falsvonum, sem borgarastéttin hefur komið inn hjá verkalýðnum."
(Ályktanir 1. ráðstefnu KSML, bls.43)

ER RÉTT AÐ HAFNA ÞÁTTTÖKU Í ÞINGKOSNINGUM?

Þær raddir hafa heyrst, að KSML hafni gersamlega þátttöku í borgaralegum kosningum, lýðræðissamtökum og fjöldasamtökum. Enda þótt þessar raddir verði að hjáróma væli, þegar tekið er tillit til að þær koma frá Fylkingunni, sem innan sinna vébanda hýsir anarkista og smáborgaralega sprengjusinna, álítum við engu að síður að það sé vel þess virði að taka sjálfa spurninguna fyrir og birta afstöðu okkar til hennar.
Allt tal um að taka þátt í kosningum eða starfa innan lýðræðislegra fjöldasamtaka í auðvaldsþjóðfélaginu, án þess að hafa skilgreint borgaralega ríkisvaldið og lýðræðislegar stofnanir þess áður sem kúgunartæki borgaranna, er tómt mál. Afstaða kommúnista til þátttöku í borgaralegum kosningum getur aðeins byggst á réttri skilgreiningu hins borgaralega þingræðis og gersamlegu uppgjöri við allar hugmyndir hægrihentistefnunnar um að hægt sé að framkvæma sósíalísku byltinguna eftir leiðum þingræðisins.
Þetta er stjórnlistarlegt vandamál og varðar afstöðu okkar til þingkosninga og þingræðis yfirleitt. Séð út frá bardagaaðferðinni, þ.e.a.s. hvort okkur beri að taka þátt í vissum kosningum, horfir spurningin öðruvísi við. Í fyrsta lagi verður bardagaaðferðin að taka mið af niðurstöðum stjórnlistarinnar (þ.e. að þingræðið sé borgaralegt alræði) og í öðru lagi verður hún að taka mið af hlutstæðum raunveruleika þess tímabils, þegar kosningar eiga sér stað. Er byltingaraldan í rénun, eða er hún í hámæli? Stendur lýðræðishyggjan og trúin á borgaralega þingræðið djúpum rótum meðal verkalýðsfjöldans í viðkomandi landi? Það er aðeins hægt að taka afstöðu til einstakra kosninga út frá slíkum rannsóknum og slíku hlutstæðu mati.
Í dag er ástandið á Íslandi þannig, að verkalýðsfjöldinn hefur almennt mikla trú á möguleikum hins borgaralega þingræðis til að leysa úr vandamálum hans. Byltingaröflin eru vissulega í framvexti, bæði á heimsmælikvarða og eins á Íslandi, en engin fjöldahreyfing á sér stað meðal verkalýðsins, engin djúpstæð hreyfing hefur komið verkalýðsstéttinni til að skipuleggja sig gegn borgaralega ríkisvaldinu og borgaralega lýðræðinu og fyrir alræði öreigastéttarinnar og ráðstjórnarfyrirkomulaginu. Þessar aðstæður gera það að verkum, að kommúnistar verða að taka þátt í þingræðiskosningum. Þannig er grundvallarafstaða KSML til kosninga og þingræðis almennt og sérstaklega til kosninga á yfirstandandi tímabili. En við verðum líka að hafa skipulagslega möguleika á kosningaframboði. Ástand okkar í dag leyfir ekki slíkt átak, því verður afstaða okkar þessi: KSML hundsar ekki borgarstjórnarkosningarnar heldur tekur þátt í þeim. Áróður okkar kringum kosningarnar nær til stærri hópa verkamanna vegna þess sérstaka áhuga á stjórnmálum sem orsakast af kosningum. Af því að KSML er ekki kleift af bjóða fram, verða engir kommúnískir frambjóðendur í kosningunum. Þess vegna hvetjum við verkamenn til að ógilda atkvæðaseðlana eða skila auðu, og sýna þannig hug sinn til kommúnismans og andstyggð sína á hræsni hins borgaralega þingræðis.

NIÐUR MEÐ BORGARALEGA ÞINGRÆÐIÐ!
SÆKJUM FRAM TIL SÓSÍALISMANS!

HANNIBALISTAR DANSA STRÍÐSDANSINN

"Verkamaðurinn", málgagn Hannibalista á Akureyri, hefur að undanförnu skrifað greinar um KSML og sérstaklega um félaga okkar á Akureyri. Hið bein tilefni árásanna hefur verið áróður kommúnistanna innan Verkalýðsfélagsins Einingar og skrif Stéttabaráttunnar um afturhaldsskáldið Solzhenitsyn. Tilgangur æsingaskrifa "Verkamannsins" hefur verið sá að reyna að koma Guðmundi Á. Sigurjónssyni úr starfi sem skólastjóra Myndlistarskólans á Akureyri.

Jón Helgason, hinn nýkjörni formaður Einingar, hefur, ásamt fylgdarmönnum sínum, þar með fylgt dyggilega í fótspor k ratanna, fyrirrennara sinna í verkalýðshreyfingunni, sem ofsóttu kommúnista hér áður fyrr. Það hefur ætíð verið hlutverk kratanna, hvaða nafni sem þeir nefna sig, að ráðast gegn byltingarbaráttu verkalýðsins og þannig þjóna borgarastéttinni, sem hefur keypt þá með mútum og bitlingum til þessa verks. Þeir eru, eins og Lenín sagði: "...erindrekar borgarastéttarinnar innan raða verkalýðsins."

Hvatnig Guðmundar Á. Sigurjónssonar til akureyrskra verkamanna um að þeir tækju málin í eigin hendur og vikju Jóni Helgasyni og Co. úr vegi, hefur greinilega skelft þá kumpána. Þeir vita sem er, að dagar þeirra sem "forystu"manna verkalýðsins yrðu fljótt taldir, ef verkalýðurinn segði skilið við umbótastefnuna.

Eðli sínu trúir, rangfæra þeir orð Guðmundar Á. - Þeir halda því fram, að hann hafi hvatt til þess, að verkamenn brytu fyrirtæki "auðvaldsins". (Hannibalistar skrifa auðvald innan gæsalappa - greinilega í þeim tilgangi að fá verkalýðinn til að trúa því, að ekkert raunverulegt auðvald sé til á Íslandi) og stöðvuðu þar með gróða þess. Þetta eru óprúttnar lygar og tilraun til þess að setja stimpil stjórnleysisstefnunnar (anarkismans) á baráttu kommúnistanna.

Nei herrar mínir!
Stéttvísir öreigar og kommúnistar hafa ekki í hyggju að brjóta niður eða eyðileggja framleiðslutæki auðvaldsins, heldur er það þvert á móti markmið þeirra að taka þau úr höndum borgarastéttarinnar - heil!

hh

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan
STÉTTABARÁTTAN 3. tbl. 3. árg. 22. mars 1974 .
Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj.og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

BRÉF FRÁ LESENDUM

FYRRVERANDI FYLKINGARFÉLAGI SNÝR BAKI VIÐ ”gegnumrotinni tækifærisstefnu Fylkingarinnar“

Stéttabaráttunni hefur borist bréf frá Magnúsi Sæmundssyni, sem starfað hefur með Kópavogsdeild Fylkingarinnar um margra ára skeið. Bréfið inniheldur uppgjör við smáborgaralega pólitík Fylkingarinnar, sem hann lýsir sem gegnrotinni tækifærisstefnu, og lýsir Magnús síðan yfir stuðningi við KSML.

Fleiri og fleiri eru nú að koma auga á, hversu pólitík Fylkingarinnar er steingeld, og getur aldrei megnað að leiða verkalýðinn fram á við. Þróunin stefnir í þá átt, að jafnhliða harðnandi stéttabaráttu, sekkur Fylkingin dýpra og dýpra í fen smáborgaralegrar forheimsku, og einangrast frá verkalýðnum. Það er aðeins eitt afl, sem getur leitt verkalýðinn fram til hinnar sósíalisku byltingar, kommúnistaflokkurinn, sem stendur á grundvelli marxismans-lenínismans. Fylkingin hefur allt frá stofnun staðið á smáborgaralegum grundvelli og hún hefur sýnt það hvað eftir annað, að hún er ekki annað en gelthundur Alþýðubandalagsins.

Við kommúnistar í KSML beinum þeirri áskorun til þeirra Fylkingarfélaga, sem enn hafa ekki látið fullkomlega ánetjast afturhaldspólitík Fylkingarinnar og vilja í raun starfa fyrir sósíalisku byltinguna, að fylgja fordæmi Magnúsar Sæmundssonar og gera upp við pólitík Fylkingarinnar og hefja byltingarstarf með KSML.

Hér fyrir neðan birtum við úrdrátt úr bréfi Magnúsar til Stéttabaráttunnar.

Ritstjórn.

"Ætlunin var auðvitað upphaflega að stunda pólitíska "agitasjón" í skólanum en í ljós hefur komið að það var ýsmsum annmörkum háð, fyrst og fremst þar sem ég (og sambýlisfólk mitt) höfðum ekki nándar nærri næga þekkingu á marxismanum-lenínismanum. Við unnum í rauninni í samræmi við hefð smáborgaralega sósíalismans í stað öreigahyggjunnar. Við skoðuðum skólann sem einángrað fyrirbæri án beinna tengsla við stéttabaráttuna í þjóðfélaginu. Við urðum algjörlega upptekin af vandamálum skólans sem slíks en tókum ekki afstöðu út frá stéttabaráttunni. Við álitum (eins og margir aðrir smáborgaralegir sósíalistar) að sem kennarar gætum við haft áhrif á nemendur, og breytt skólakerfinu í framsækið þjóðfélagsafl. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að slíkt sé ekki gerlegt, skólakerfið hlýtur að starfa í þágu þeirrar stéttar sem með völdin fer í hverju þjóðfélagi, líta verður á kennarastarfið sem hvert annað millistéttarstarf (líkt og auglýsingagerð), þar sem kennarinn selur ríkisvaldi borgarastéttarinnar starfskrafta sína og ákveðna þekkingu. Baráttan gegn auðvaldinu verður ekki háð nema á grundvelli öreigastéttarinnar. Skólastarfið hlýtur þó að vera mikilvægt, vegna þess að skólakerfið er eitt helsta tæki borgarastéttarinnar til viðhalds alræði sínu.

Svo vikið sé að öðru. Póstsamgöngur hafa verið tregar hingað í vetur þó STÉTTABARÁTTAN færi ýmsar krókaleiðir hefur hún komið hingað um svipað leiti og NEISTI. Við samanburð hefur sífellt orðið ljósara hversu gegnumrotin tækifærisstefna Fylkingarinnar er og að KSML eru í raun einu samtökin á Íslandi sem reka raunsæja byltingarsinnaða pólitík."

BROTTFÖR HERSINS: AUKIN ÞÁTTTAKA Í NATO

"Herinn burt", segir í fyrirsögn Þjóðviljans á forsíðu 23.3. s.l. Málefnasamningur ríkisstjórnarinnar, sem m.a. fólst í brottrekstri hersins verður nú uppfylltur með þeim fyrirvara, að herinn fer í fjórum áföngum og síðasti fjórðungurinn fari eigi síðar en 1976. "Smánarbletturinn" hefur verið þveginn af Suðurnesjunum og höfuðfjandmanni smáborgaralegu sósíalistanna, kanasjónvarpinu, verður endanlega lokað, menningu og hreinleika íslensku þjóðarinnar er sem því næst bjargað. En breytingin nær að sjálfsögðu ekki til þess, sem raunverulega skiptir máli. Á bak við sigurvímu sósíaldemókratanna leynist sannleikurinn um brottför hersins: Í rauninni hefur aðeins formið á þátttöku Íslands í NATO verið lagfært. Öll merki um bandalag íslenska fjármálaauðvaldsins við hernaðarsamtök heimsvaldastefnunnar eru máð af og falin á bak við lýðskrum um sjálfstæði þjóðarinnar, yfirráð yfir alþjóðlega flugvellinum, o.s.frv.

Bandaríski herinn fer - Ísland verður áfram í NATO.

Fari svo, að herinn verði á brott innan tveggja ára, mun eftirfarandi ske: - Nató-flugvélarnar munu halda aðstöðu sinni að mestu óbreyttri og starfslið 100-200 vélvirkja mun verða um kyrrt á vellinum. - Íslenska borgarastéttin tekur að sér að þjálfa og koma á fót löggæsluliði til að gæta Nató-vallarins og taki jafnvel að sér gæslu og rekstur Nató-radarstöðvanna á Suðurnesjum og í Hornafirði.

Af þessu má glöggt sjá, hvers eðlis samningurinn er. Bandaríska löggæsluliðið hverfur á brott, en við tekur samskonar lið skipað íslenskum löggæslumönnum. Íslendingar taka að sér eftirlitsstörf og löggæslu fyrir NATO, m.ö.o. framlag íslensku borgarastéttarinnar, sem hingað til hefur aðeins verið að leggja fram land undir Natóherinn, verður víkkað út; til viðbótar landinu leggur íslenska borgarastéttin nú fram löggæslu- og eftirlitslið. Engin breyting verður á starfsemi Natóhersins yfir N-Atlantshafssvæðinu, nema sú, að flugvélarnar, sem halda áfram að hafa aðstöðu viðgerða- og birgðastöðva á Keflavíkurvelli, teljast nú hafa lendingarleyfi í stað dvalarleyfis. Auk þessa tekur íslenska borgarastéttin líklega að sér að reka og sjá um radartækin fyrir NATO.

Segi svo hver sem vill, að "málefnasamningurinn" hafi ekki verið í þágu auðvaldsins!

kg

VINNUÞRÆLKUN

Græðgi kapítalistanna eru engin takmörk sett. Í brjálæðislegri sókn sinni að hámarksgróða svífast þeir einskis, heldur þræla verkalýðnum áfram og skeyta engu um heilsu hans eða efnahagslega afkomu.

Það er ekki nóg með að kapítalistarnir semji við verkalýðs"forystuna" (sem er leiguþý þeirra) um svívirðilega lágt kaup til handa verkalýðnum og alls konar fríðindi fyrir kapítalistana, heldur eru samningarnir brotnir á verkamönnum og -konum, ef kapítalistunum hentar, og verkamenn neyddir til að þræla sér út til hins ýtrasta.

Gott dæmi um slíka vinnuþrælkun er Ísfélag Vestmannaeyja, en þar er unnið dag og nótt til að kapítalistarnir geti grætt sem mest. Og ef verkamenn sætta sig ekki við að kapítalistarnir ákveði vinnutímann eftir hentugleikum, er þeim einfaldlega sparkað. Dæmi eru til þess, að verkamenn, sem unnið hafa allt að 100 tíma á viku, hafa verið reknir, af því að þeir vildu ekki vinna eftir kvöldmat á laugardegi!

Og það er fleira athugavert hjá Ísfélagi Vestmannaeyja. Mötuneytið á staðnum kostar um 4.000 kr. á viku, meðan útborgað kaup fyrir einnar viku dagvinnu er frá 6.500 kr. til 8.000 kr. Mötuneytið kostar sem sagt 50-70% af vikukaupinu!

Nei, það er greinilegt, að kapítalistarnir bera ekki hag verkalýðsins fyrir brjósti. Þeirra eina hugsun er að græða sem mest, hvernig sem farið er að því.

En hvernig á þá verkalýðurinn að binda endi á arðrán og kúgun? Til þess er aðeins ein leið - leið stéttabaráttunnar; baráttu verkalýðsins gegn borgarastéttinni og kúgunartækjum hennar. Sagan hefur kennt okkur, að til þess að verkalýðnum megi takast að hnekkja veldi borgarastéttarinnar, verður kommúnistaflokkur að leiða baráttuna. KSML eru einu samtökin á Íslandi, sem sett hafa sér það markmið að stofna kommúnistaflokk - framvarðarsveit verkalýðsins.

Verkamenn og -konur! Takið þátt í undirbúningsstarfi KSML fyrir stofnun kommúnistaflokks!

ES

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

BYLTINGARSINNUÐ UTANRÍKISPÓLITIK KÍNVERSKA ALÞÝÐULÝÐVELDISINS

Til þess að skilja byltingarsinnað inntak og markmið utanríkisstefnu Kína (og annarra sósíalískra ríkja) verður að hyggja að grundvallarreglum og ríkjandi alþjóðlegu ástandi, en ekki líta á einstök atvik og mál og byggja út frá þeim. Alger skilningsskortur smáborgaralegu og borgaralegu sósíalistanna á utanríkispólitík sósíalískra ríkja á sér rætur í því, að þeim er um megn að skoða og skilja hið alþjóðlega ástand á díalektískan hátt - þeir líta einhliða og vélrænt á málin og draga því rangar ályktanir af yfirborðskenndri skoðun sinni. Þeim er um megn að skilja mismuninn á grundvallarreglum utanríkisstefnu sósíalísku ríkjanna og grundvallarreglum alþjóðahyggju öreiganna, þ.e. hin aðskildu verkefni ríkisvaldsins (í sósíalísku landi) og flokksins.

Utanríkisstefna Kínverska Alþýðulýðveldisins hefur vakið margar spurningar innan byltingarhreyfingarinnar og þessi grein mun taka fyrir nokkur grundvallaratriði í sósíalískri utanríkisstefnu, en í 1. eða 2. hefti Rauða Fánans á þessu ári mun verða birt þýdd grein, sem tekur fyrir sama verkefni á sérlega ljósan og upplýsandi hátt.

Í baráttunni gegn Trotsky og villukenningum hans, m.a. þeirri að flytja byltinguna út með vopnavaldi, lagði Lenín grundvöllinn að þeirri línu, sem Sovétríkin urðu að fylgja í utanríkispólitík sinni. Lenín gekk út frá möguleikanum á að styrkja sósíalismann í einu landi. Í ljósi þess skýrði hann út afstöðuna milli annars vegar að varðveita og vernda sósíalismann með því að koma á friðsamlegri sambúð við hinn fjandsamlega umheim og hins vegar að þróa hinn víðtækasta stuðning til byltingarhreyfingarinnar um allan heiminn.

Trotskyistarnir vildu keyra vopnuðu heimsbyltinguna í gegn þegar í stað og afneituðu möguleikanum á uppbyggingu sósíalismans í einu landi, þar sem þeir neituðu að skilja hina misjöfnu þróun auðvaldslandanna.

Lenín sagði:

"Mikið af uppbyggingarstarfi okkar er komið undir því hversu vel okkur tekst að slá á frest stríðinu við auðvaldsheiminn, sem er óhjákvæmilegt en hægt að fresta, annaðhvort til þess tíma, er öreigabyltingin í Evrópu hefur vaxið að styrk, eða þar til nýlendubyltingarnar hafa náð fullum þroska eða í síðasta lagi þar til kapítalistarnir fara að berjast innbyrðis um uppskiptingu nýlendnanna. Því er það bindandi verkefni fyrir okkur að koma á friðsamlegum samböndum við auðvaldslöndin. Samböndin við auðvaldslöndin eru grundvölluð á þeirri forsendu, að þessi tvö andstæðu kerfi geti verið til hlið við hlið."

Jafnframt benti hann á:

"Tilvera Sovétríkjanna með heimsvaldalöndin allt um kring er til lengdar óhugsandi. Að lokum kemur annar hvor aðilinn til með að sigra. Og fram að því endanlega uppgjöri er fjöldi grimmilegra árekstra milli Sovétríkjanna og borgaralegu ríkjanna óhjákvæmilegur."
("Polemiken...", bls. 292, þýsk útg.)

Þetta leggur grundvöllinn fyrir verkefni sósíalísku ríkjanna:

1. Að styrkja öfl byltingarinnar á heimsmælikvarða - þ.e.a.s. að styrkja kommúnistaflokkana, styrkja vináttuna milli öreigastéttarinnar í auðvaldslöndunum og sósíalísku löndunum, styrkja vináttuna milli öreigastéttarinnar í sósíalísku löndunum og kúgaðrar alþýðu og þjóða, og síðast en ekki síst: að styrkja sósíalíska uppbyggingarstarfið.

2. Að varðveita friðinn:
"Barátta fyrir friði, barátta gegn nýjum styrjöldum, afhjúpun allra aðgerða, sem miða að því að undirbúa nýtt stríð, afhjúpa allar aðgerðir, sem í nafni friðarins dylja raunverulegan stríðsundirbúning - þetta er verkefni okkar."
(Stalín: Skýrsla miðstjórnar á 14. þingi KFRR(b), bls. 44, sænsk útg.)

Í þessu sambandi er mikilvægt að auka verslunarviðskiptin, að nýta á réttan hátt mótsetningarnar milli auðvaldslanda af ólíkri gerð og mismunandi stöðu í heimspólitíkinni, styrkja samvinnuna milli kúguðu landanna og nýlendnanna og þar með tryggja vel þá sameiginlegu hagsmuni, sem koma fram í baráttu þeirra gegn heimsvaldastefnunni fyrir þjóðlegu sjálfstæði annars vegar og vörn fyrir sósíalismann gegn sama óvini hins vegar.

Þessi tvö atriði eru nátengd, því framsókn heimsbyltingarinnar er voldugasta vörn sósíalísku landanna og hins vegar - fyrir framþróun heimsbyltingarinnar er vörnin fyrir sósíalísku löndin jafnt sem varðveisla friðarins ómetanlegur stuðningur. Og á sama hátt sem byltingin verður aðeins framkvæmd af verkalýðsstétt hvers lands, undir forystu flokks sem á sjálfstæðan hátt þróar marxíska-leníníska línu fyrir baráttuna, þannig geta byltingarhreyfingarnar í heiminum ekki sett fram í sinni baráttu þá vörn og þau diplómatísku samskipti, sem sósíalíska ríkisvaldið byggir upp til að varðveita friðinn og verja föðurlandið. Þetta er barátta, sem á vissan hátt fer fram á tveim mismunandi vígstöðum.

Byltingarsinnaða baráttan í auðvaldslöndunum eða hjá kúguðu þjóðunum fer beinlínis fram á þjóðlegu plani, þar sem aftur á móti utanríkisstefna sósíalíska ríkisvaldsins er stefna, sem er mynduð fyrir og hefur áhrif á ástand og þróun stéttabaráttunnar á heimsmælikvarða.

Friður - tímabil til að safna kröftum.

Utanríkisstefna Sovétríkjanna á dögum Stalíns var lýsandi dæmi um beitingu lenínísku línunnar við sérstaklega erfiðar aðstæður. Kína beitir í dag á skapandi hátt sömu grundvallarreglum út frá reynslu Sovétríkjanna, í heimsástandi, sem sífellt verður skarpara og flóknara, þar sem móthverfur breyta um eðli með síauknum hraða, þar sem nýjar móthverfur koma fram á sjónarsviðið, en aðrar verða lítilvægar, allt eftir því sem kreppan eykst og stríðshættan um leið.

Mao Tsetung sagði:

"Hvað varðar spurninguna um heimsstyrjöld eru aðeins til tveir möguleikar; annar er sá, að stríðið leiði til byltingar, og hinn, að byltingin komi í veg fyrir stríðið."

Utanríkisstefna Kína er stórt framlag til varðveislu friðarins og gefur byltingaröflunum um heim allan tíma til að safna kröftum og styrkja sambönd sín við vinnandi fjöldann. Pólitík Kína er grundvölluð á skilgreiningu á móthverfunum í heiminum og stefnir að hámarksnýtingu á þessum móthverfum í þágu málstaðs heimsbyltingarinnar.

Aðskilin verkefni ríkisvalds og flokks.

Það er þýðingarmikið að gera sér grein fyrir mismunandi verkefnum flokksins og ríkisvaldsins í sósíalismanum. Það fellur í hlut flokksins að sjá um sambönd verkalýðsstéttar eigin ríkis við aðrar byltingarsinnaðar stéttir, að berjast fyrir framþróun kommúnistaflokka heimsins, auka styrk byltingarsinnuðu verkalýðsfélaganna og samfylkingu verkafólks gegn árásum auðvaldsins, vinna að samböndum verkalýðsstéttarinnar við frelsishreyfingar nýlendna og háðra landa (Kommúnistaflokkur Ráðstjórnarríkjanna (b) framfylgdi þessu á sínum tíma gegnum Komintern og með gagnkvæmum samskiptum við aðra flokka).

Sendiráð og embættismenn ríkisvalds öreiganna sjá um að þróa sambönd milli ríkja. Hlutverk þeirra er á öðru starfssviði, þ.e. að taka þátt í samningum við t.d. auðvaldsríki á þremur sviðum - iðnaði, verslun og stjórnmálasamskiptum.

Verkefni ríkisins eru m.a. barátta gegn undirbúningi nýrra heimsvaldastríða, friðarpólitík, að koma á friðsamlegum samböndum við auðvaldslönd, aukning verslunar við útlönd, að bindast böndum við veik og "réttlaus" ríki, sem eru kúguð og arðrænd af hinum ráðandi heimsvaldaríkjum.

Hagnýting móthverfanna fyrir baráttu kúgaðra.

Helstu móthverfurnar, sem ráðandi eru í heiminum í dag eru eftirfarandi:

1. Móthverfurnar milli heimsvalda- og sósíalheimsvaldalandanna annars vegar og sósíalísku landanna hins vegar.

2. Móthverfurnar milli heimsvaldalandanna innbyrðis.

3. Móthverfan milli kúgaðrar alþýðu og þjóða annars vegar og heimsvaldastefnunnar hins vegar.

4. Móthverfan milli öreigastéttarinnar og borgarastéttarinnar í heimsvaldalöndunum.

Hér verður aðeins tekinn fyrir liður 3 og sýnt fram á hvernig Kína styður hina framsæknu hlið í baráttunni hverju sinni gegn heimsvaldastefnunni.

Bandaríska heimsvaldastefnan hefur beðið algert afhroð í Indókína og í Vestur-Asíu hefur frelsishreyfingunni vaxið fiskur um hrygg í átökunum við arabíska afturhaldið. Í portúgölsku nýlendunum, í Namibíu (Suðvestur-Afríku), Uruguay og öðrum ríkjum Rómönsku Ameríku þróast baráttan áfram. Jafnframt hafa mikilvægar taktískar breytingar átt sér stað fyrir hina þjóðlegu borgarastétt, sem getur tímabundið notfært sér klofninginn í heimsvaldablokkinni, þrýst á glufurnar og fært fram sjálfstæða pólitík gegn pólitískri kúgun heimsvaldastefnunnar. Slíkt hefur gerst í fjölda landa síðustu árin og má nefna Chile (í tíð Allendes), Líbíu og Ceylon sem dæmi úr ólíkum heimshlutum.

Þessi hreyfing hefur mikla taktíska þýðingu fyrir utanríkisstefnu Kína, sem styður hana í því augnamiði að veikja heimsvaldastefnuna og auka sambönd sín. Ein mikilvægasta hlið í diplómatískri sóknarstefnu Kína er einmitt að koma á vinsamlegum samböndum við ríkisstjórnir af þessari tegund og með diplómatískum, efnahagslegum og jafnvel skilyrtum pólitískum stuðningi hindra, að þau skipti á einum kúgunarhæl heimsvaldastefnunnar fyrir annan.

Sem dæmi um þetta má nefna atburðina í Súdan ´71, þar sem sósíalheimsvaldasinnarnir undirbjuggu gegnum fulltrúa sína þar, hinn svokallaða kommúnistaflokk, valdarán til að geta enn frekar aukið áhrif sín í Arabaheiminum. Valdaránið var brotið á bak aftur af hinni þjóðlegu borgaralegu ríkisstjórn og öll endurskoðunarpressa heimsins frá Pravda í Moskvu til Neista á Íslandi grét krókódílatáraflóði. Kína studdi að sjálfsögðu baráttu þjóðlegu borgarastéttarinnar fyrir varðveislu þjóðlega sjálfstæðisins.

Samtímis heldur Kína fast við þá skoðun, að fullkomnu og varanlegu þjóðfrelsi sé aðeins hægt að ná með leið nýlýðræðislegu byltingarinnar, sem undir öreigaforystu þróast yfir í sósíalíska byltingu, enda styður Kína baráttuna fyrir slíkri byltingu, hvar sem hún þróast og er stuðningur Kína við alþýðu Indókína einmitt lýsandi dæmi um það.

Samskipti er ekki sama og stuðningur.

Af framansögðu ætti að vera ljóst hvers vegna Kína studdi t.a.m. stjórn Allendes í Chile á sínum tíma, en jafnframt má alls ekki gleyma því að kínversku kommúnistarnir gagnrýndu stefnu hans og sögðu fyrir um hvert hún myndi leiða: "Um leið höldum við fram, að menn skyldu ekki gleyma hversu skaðleg hin fjarstæðukennda kenning um "friðsamlega umbreytingu" er fyrir hina andheimsvaldasinnaða byltingarbaráttu alþýðu Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku, kenning, sem hefur átt sér formælanda í einu stórveldanna." (Úr ræðu Chiao Kuan-hua, fulltrúa Kína hjá Sameinuðu Þjóðunum, í Október ´73).

Alþýðulýðveldið Kína hefur samskipti við öll ríki, sem viðurkenna 5 reglur Kína um friðsamlega sambúð og er það í fullkomnu samræmi við hagsmuni sósíalismans og kúgaðra stétta heimsins. Við vísum fullkomlega á bug öllum fölsunum og lygum smáborgaralegu og borgaralegu sósíalistanna um utanríkisstefnu (svo sem brottrekstri sendiherra Chile í Kína, sem er hreinn uppspuni frá rótum), en lítum þess í stað á Kína sem höfuðvígi sósíalismans í heiminum í dag, sem að sjálfsögðu styður hvergi afturhald og heimsvaldastefnu, heldur þvert á móti nýtir aðstöðu sína og sambönd á alþjóðlegan mælikvarða til að grafa undan veldi heimsvaldastefnunnar og styrkja hina framsæknu hlið baráttunnar hvar sem er. ss

(Stuðst við Klasskampen nr. 1 ´72).

STÉTTAÁTÖKIN Í BRETLANDI

Nýafstaðið allsherjarverkfall námuverkamanna í Bretlandi er talandi tákn harðnandi stéttabaráttu og dýpkandi mótsetninga innan auðvaldsheimsins. Í kjölfar dýpkandi offramleiðslukreppu hefur kúgunin og arðránið á verkalýðnum harðnað sífellt og lífskjör hans versnað við launalækkunarárásir hins gróðaþyrsta einokunarauðvalds. Þessi almenna kreppuþróun auðvaldsins kemur fram mjög skýrt í Bretlandi. Almennt skipulagsleysi og ringulreið í framleiðslunni eykst þar stöðugt og offramleiðslan setur svip sinn á allt atvinnulífið. Samfara því reynir hið rotna og úrkynjaða breska einokunarauðvald að velta síauknum byrðum yfir á verkalýðinn og annað vinnandi fólk.
Enska borgarastéttin hefur hafið allsherjarstríð gegn verkalýðsstéttinni í Englandi, og þá sérstaklega gegn námuverkamönnum sem standa harðastir gegn kúgun borgarastéttarinnar. Flokkar ensku borgarastéttarinnar, Íhaldsflokkurinn og Sósíaldemókratar fordæmdu báðir í kór verkfall námuverkamanna og ráku heiftugan áróður gegn þeim með tali um "sundrun þjóðarinnar", sem námumenn gerðust sekir um. Þetta tal um "sundrungu þjóðarinnar" getur ekki hljómað öðruvísi en sem háð í eyrum þeirrar verkalýðsstéttar, sem kynnst hefur sífellt meiri fátækt og kúgun undanfarna áratugi á sama tíma og ensku borgararnir hafa aukið stöðugt gróða sinn af þrældómi hennar. Enska kreppan er ekki afleiðing af "mistökum" einnar eða annarrar ríkisstjórnar - þess í stað sýnir hún lögmál kapítalisku framleiðslunnar og nær til allra hinna kapítalisku landa.

Kosningarnar.

Hinar harðnandi stéttamótsetningar þvinguðu ríkisstjórnina til að láta fara fram nýjar kosningar í tilraun til að styrkja þá stefnu að brjóta á bak aftur hreyfinguna innan verkalýðsstéttarinnar. Vígorð Íhaldsflokksins í kosningunum voru: "Öflugar aðgerðir til að tryggja lög og rétt í Englandi." Þetta hefði þýtt, að hernum hefði verið beitt til að berja niður verkfall kolanámumanna. Verkamannaflokkurinn sem myndaði minnihluta stjórn eftir kosningarnar setti fram vígorðið um að "samvinna væri leið verkalýðsins út úr kreppunni." Tillögur núv. stjórnar Verkamannaflokksins voru í samræmi við þetta. Þeim tókst að rjúfa einingu verkamannanna með aðstoð svikaranna í forystu fagfélaganna. Og verkfallinu var aflýst.
Þessar tvær línur í kosningunum endurspegla klofning innan ensku borgarastéttarinnar. Stærsti hlutinn af fjármálaauðvaldinu, sem er afturhaldssamasti hluti ensku borgaranna, og sem hefur alla tíð notað stjórn Heaths til að fjárfesta í sem gróðavænlegustum fyrirtækjum erlendis, styðja Íhaldsflokkinn. Hins vegar styður sá hluti borgarastéttarinnar, sem er nánast tengdur iðnaðinum innanlands og arðráninu á enskum verkamönnum, Verkamannaflokkinn. Sá flokkur lagði á seinasta þingi sínu fram áætlun um uppbyggingu ríkiskapítalisma í Bretlandi.

En verkalýðsstéttin í Bretlandi er að missa trú á báðum þessara flokka. Kreppan í Englandi er einnig pólitísk kreppa. Hin lága kosningaþátttaka í þessum kosningum, og þá sérstaklega í verkamannahverfum sýndi það meðal annars. Í þessu pólitíska tómarúmi þar sem engin byltingarsinnuð hreyfing hefur umtalsverðan styrk, unnu Frjálslyndi flokkurinn og ýmsir þjóðernissinnaðir flokkar í Skotlandi og Wales á. Einnig hafa komið upp hreinir fasískir hópar, sem skipuleggja sig í fagfélagshreyfingunni.

Námuverkfallið.

Námuverkfallið var hættulegt borgarastéttinni, þó svo að það hafi ekki sett markið hærra en fyrir lægstu lífsnauðsynjum. Námuverkamennirnir eru eini verkamannahópurinn, sem ráðist hefur opinberlega gegn 7% launastöðvun ríkisvaldsins. Þannig gáfu þeir öðrum hlutum verkalýðs Stóra-Bretlands fordæmi.

Verkfallið var þvingað fram af öflugum þrýstingi neðan frá. Fagfélagsforystan var þvinguð til aðgerða meira og minna gegn vilja sínum. Forystan er samansett af hreinum endurskoðunarsinnum og stéttasamvinnumönnum eins og til dæmis leiðtoganum Joe Gormley. Hann gerði tilraun til að aflýsa verkafallinu þegar fréttin um nýjar kosningar barst, og lagði upp undanslátt í stað baráttu. Jafnvel hinn herskái endurskoðunarsinni, Mick McGahey, sem leiðir skoska námuverkamenn, lýsti yfir stuðningi við stjórn Verkamannaflokksins, á þeim forsendum að hægt væri að "þrýsta henni til vinstri".

Fagfélögin reyndu einnig að koma í veg fyrir að verkamennirnir skipulegðu sig sjálfstætt á vinnustöðunum. Þeir reyndu að hindra, að fulltrúar frá baráttusvæðunum fengju að heimsækja þau svæði, þar sem verkamenn voru meira tvístígandi. Þetta kom þó ekki í veg fyrir verkfallið. Vegna hræðslu forystunnar við að missa tökin af verkalýðnum og að baráttan færðist inn á svið sjálfsprottinna verkfalla, neyddust þeir til að lýsa yfir og hefja verkfall.

Þrátt fyrir svik forystunnar í lok verkfallsins náðu verkamenn fram umtalsverðum kjarabótum, vegna einingar sinnar og baráttukrafts. En þær kjarabætur munu ekki koma til með að vera langlífar, þær verða teknar til baka. Verkalýðurinn getur aldrei öðlast mannsæmandi lífskjör í auðvaldsþjóðfélaginu og allar kjarabætur í dag eru étnar upp jafnóðum.

Eina leiðin fyrir breskan verkalýð er ekki harðari kjarabarátta, heldur pólitísk barátta, stofnun kommúnistaflokks, stéttabarátta gegn gjörvöllu auðvaldsþjóðfélaginu.

MVS/RB

FRAMHALD AF FORSÍÐU

aflað hafa sér bæði mikillar og víttækrar þekkingar á starfi sínu og þeim tækjum, sem þeir hafa unnið með. Með þessu starfstímaákvæði, eins og það er túlkað nú, er þekking þessi og reynsla gerð næstum einskis virði, nema fyrir atvinnurekendur. Þeim gefst nú kostur á að kaupa sér ódýrt vinnuafl, sem er fyrsta flokks, en borga þeim byrjunarlaun eða því sem næst. En þeir selja síðan þetta vinnuafl út á hæsta verði.

Sb: Hverjar eru kröfur ykkar?

G.S.: Í stuttu máli eru kröfur okkar þessar: Óbreytt tilhögun bæði hádegis- og kvöldmatartíma, eða eins og það var fyrir samningana. Unnin hádegismatartími verði greiddur með tveim tímum í eftirvinnu og kvöldmatartími með fjórum tímum í næturvinnu. Þetta miðast auðvitað við að tveir menn fái þessa greiðslu. Allt annað teljum við beina kjaraskerðingu. Einnig teljum við það með öllu óraunhæft að hægt sé að skylda okkur til að vinna matartímann, meðal annars vegna mjög langs vinnutíma (vinnuárið telst vera um 1800 klst., en hjá steypukranamönnum er það nálægt 4000 klst. á ári). Rétt á fullum launum teljum við þá hafa, sem náð hafa fullum réttindum á viðkomandi tæki samkvæmt kröfum Öryggiseftirlits ríkisins. Auk þessa eru kranamenn á höfninni á 5% hærra kaupi heldur en við og það sættum við okkur ekki við, þar sem við vinnum við margfalt erfiðari aðstæður heldur en þeir og allur aðstöðumunur allt annar.

Sb: Hvað hafið þið gert til að koma þessum kröfum ykkar fram?

G.S.: Við höfum rætt við verkalýðsforystuna í Dagsbrún og mótmælt þeirri kauplækkun, sem samningarnir hljóða uppá. En launahækkunin vegur ekki upp á móti kjaraskerðingunni, sem fram kom í sérsamningunum. Guðmundur J. hefur "lofað" að taka málið til athugunar og hefur þessi svokallaða athugun staðið í rúma viku og ekkert gerst enn í málunum. Við teljum að verið sé að reyna að svæfa málið og splundra samstöðu okkar af hálfu verkalýðsforystunnar. Við höfum farið niður í Dagsbrún í heilda viku og rætt við Guðmund J. og hefur þar komið fram á hverjum fundi, að allt situr við það sama og í upphafi. Í þessum umræðum hefur Guðmundur J. reynt að telja okkur trú um, að "aldrei sé hægt að koma fram öllum kröfum og allt taki þetta nú sinn tíma." Með þessu er hann að reyna að fá okkur til að hætta við allt saman.

Sb: Hvað ætlið þið að gera þegar verkalýðsforystan hefur brugðist?

Það er nú orðið augljóst, að við getum ekki treyst á verkalýðsforystuna, þar sem við teljum, að með þessum seinagangi sé hún að reyna að splundra samstöðu okkar. Og munum við því sýna fram á hana með því að neita að sinna alla yfirvinnu til að byrja með, en til þess höfum við lagalegan rétt. Verði því heldur ekki sinnt, munum við taka til enn róttækari aðgerða. ga

P.S.: Þegar blaðið var að fara í prentun, fréttum við það, að steypukranamenn hafi lýst yfir yfirvinnubanni frá og með 29. mars 1974.

Viðtal við fulltrúa Frelsishreyfingar Palestínu

„SIGURINN VINNST AÐEINS Á VÍGVELLINUM“

Dagana 4.-6. mars voru staddir hér á landi á vegum Alþjóðasambands stúdenta, sendinefnd frá Samtökum sýrlenskra stúdenta og Heildarsamtökum palestínskra stúdenta, sem eru aðilar að PLO, víðtækri samfylkingu gegn ísraelsku heimsvaldastefnunni. Samfylking þessi inniheldur öll framsýn öfl meðal Araba, sem berjast gegn árásarstefnu ísraelsku heimsvaldasinnanna. Samfylking sem þessi hlýtur að vera framsýn, sem þáttur í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni, þó hún sem heild komi ekki fram með kommúníska pólitík. Innan þessarar samfylkingar finnast vissulega kommúnísk öfl. Eins og komið hefur fram áður í Stéttabaráttunni stefna PFLP að sósíaliskri valdbyltingu og uppbyggingu alræðis öreiganna í Palestínu. Þeir fulltrúar, sem félagar úr ritnefnd Stéttabaráttunnar náðu viðtali við, koma fram sem fulltrúar samfylkingarinnar, og verður að skoða svör þeirra í ljósi þess.

Stb.: Getið þið gefið okkur örstutt sögulegt yfirlit yfir frelsisbaráttu Palestínuaraba?

"Baráttan gegn síonismanum hófst strax árið 1917, þegar Bretar gáfu Alþjóðasamtökum síonista fyrirheit um að gyðingaríkið yrði reist í Palestínu. Síonistar stofnuðu þrjá hryðjuverkahópa: Haganah, Irgum og Stern , sem með morðum og öðrum ofbeldisaðgerðum unnu að því að hrekja Araba á brott úr Palestínu. Í hvert sinn sem Arabarnir veittu andstöðu, var hún barin niður með ofsalegri grimmd af síonistunum og bresku heimsvaldasinnunum í sameiningu. Eftir seinni heimsstyrjöldina gáfu Bretar svo hryðjuverkasveitum síonistanna algerlega lausan tauminn og það var á grundvelli blóðugra hryðjuverka gegn Palestínuaröbum sem Ísraelsríki var stofnað 1948. Síðan þá hafa síonistar farið fjórum sinnum út í algjört árásar- og landvinningastríð gegn Aröbum, dyggilega studdir af heimsvaldasinnum um heim allan. Allt síðan 1948 hafa Palestínuarabar svo milljónum skiptir, lifað sem flóttamenn í Arabaríkjunum, við þröngan kost og slæma aðbúð. Samkvæmt lögmáli sögunnar leiðir kúgun ætíð til mótspyrnu. Palestínuarabar hafa bundist samtökum, sem miða að því að brjóta niður ríki síonismans og endurheimta landsvæði og sjálfsákvörðunarrétt Palestínuaraba. Fjöldi þeirra, sem tekur þátt í frelsisbaráttu Palestínuaraba vex stöðugt, fleiri og fleiri skilja, að um pólitíska lausn er ekki að ræða - úrslitin munu ráðast á vígvellinum."

Stb.: Hvernig er háttað samskiptum ykkar við hinar ýmsu stjórnir Arabaríkjanna, sérstaklega Sýrlands, Egyptalands og Jórdaníu?

"Það er mismunur á afstöðu okkar til Sýrlands og Egyptalands annars vegar og Jórdaníu hins vegar. Við vinnum með ríkisstjórnum Arabalandanna í samræmi við þá aðstoð og stuðning sem þær veita okkur. Í Egyptalandi, Sýrlandi, Alsír og fleiri Arabalöndum, sem veita okkur stuðning, takmörkum við starfsemi okkar við það að vinna sem þjóðfrelsisfylking Palestínu, þ.e. beinum starfsemi okkar frá þessum ríkjum og inn í Palestínu, en í Jórdaníu og Líbanon, þar sem afturhaldsöflin hafa ráðist gegn okkur með vopnavaldi og stutt þannig ísraelsku heimsvaldastefnuna, stöndum við með öreigunum í byltingarbaráttunni fyrir því að steypa afturhaldsöflunum og til að verja palestínsku byltinguna."

Stb.: Lítið þið á ísraelska öreiga sem bandamenn í baráttunni gegn ísraelsku heimsvaldastefnunni?

"Já, það gerum við. Borgaralegir fjölmiðlar hafa reynt að fá fólk til að trúa, að við hötum Gyðinga, og öll okkar barátta sé byggð á Gyðingahatri. Þetta er alrangt. Við berjumst gegn síonismanum, sem notað-




ur er til að réttlæta heimsvaldastefnu ísraelsku borgarastéttarinnar, og ísraelskir öreigar eru tvímælalaust bandamenn okkar í þeirri baráttu. Þátttaka Gyðinga í frelsisbaráttu Palestínuaraba fer vaxandi og í því sambandi langar okkur til að geta þess, að á síðasta ári handtók ísraelski herinn hóp skæruliða, sem í voru eintómir Gyðingar. Við stefnum að því að hlúa að öllum okkar samböndum við ísraelska öreiga, og þegar eru starfandi hernaðarlegar og pólitískar sellur með þátttöku Gyðinga, bæði á hernumdu svæðunum og innan Ísraelsríkis."

Stb.: Nú hafa stórveldin tvö gert allt sem í þeirra valdi stendur til að knýja fram "friðsamlega lausn", pólitíska lausn, sem tryggja á tilveru Ísraelsríkis. Sættir frelsishreyfingin sig við "lausn", er innibæri Ísraelsríki í Palestínu?

"Nei, alls ekki. Ísraelsríki er heimsvaldaríki, sem byggir tilveru sína á launaþrælkun og arðráni, á því að kúga hundruð þúsunda Araba. Það er stutt af öðrum heimsvaldaríkjum heimsins og tryggir hagsmuni þeirra í þessum heimshluta. Markmið okkar er að brjóta niður ríki síonista og reisa nýtt ríki, á grundvelli sósíalismans, þar sem Arabar og Gyðingar geta lifað hlið við hlið. Hernaðarleg lausn, er fæli þetta í sér, og endurheimt hernumdu svæðanna og tryggði sjálfsákvörðunarrétt Palestínuaraba er eina lausnin, sem getur verið um að ræða. Og það getur ekki orðið, nema brjóta síonismann á bak aftur og eyða ríki hans."

Stb.: Hver eru kjör þeirra Araba, sem lifa innan Ísraelsríkis?

"Þeir eru algerlega mannréttindalausir. Þeir hafa ekki félagafrelsi, ekki fundafrelsi, prentfrelsi né málfrelsi. Sumstaðar eru þeir meira að segja átthagabundnir, þ.e. mega ekki ferðast úr stað né flytjast búferlum, nema með sérstöku leyfi ísraelsku herstjórnarinnar. Sérhver er uppvís verður að stuðningi við frelsisbaráttuna er umsvifalaust varpað í fangelsi. Palestínuaröbum innan Ísraels er meinað um menntun, og okkur langar því til sönnunar að nefna, að af hátt í milljón Araba innan Ísraelsríkis eru aðeins 50-70 í háskólum þar. Og þeir Arabar sem þar eru, eru flestir upprunnir úr arabísku "landssöluborgarastéttinni", þ.e. synir og dætur arabískra kapítalista, er gengið hafa til samstarfs við síonistanna og taka þátt í að kúga Palestínuaraba. Eini "rétturinn" sem Palestínuarabar hafa innan Ísraelsríkis, er að vera launavinnuþrælar, og þeir búa við fádæma kúgun og misrétti."

Stb.: Síonistarnir undirbjuggu landnámið og stofnun Ísraelsríkis með kerfisbundnum hryðjuverkum, unnum að skipulögðum hryðjuverkahópum (Haganah, Irgun og Stern-gang). Eru þessir hópar enn við lýði?

"Nei, þeir eru ekki við lýði í því formi sem þeir voru, þeir hafa þróast uppí að vera það sem nú er kallað ísraelski herinn. En innan hersins eru "úrvalssveitir" sem vinna samskonar "dáðir", þ.e. reka Araba af jörðum sínum og hræða þá úr landi með ógnaraðgerðum. Ein þessarra "úrvalssveita" kallast "flokkur 101" og var stofnaður af Moshe Dayan árið 1953. Foringi flokksins frá upphafi hefur verið Ariel Sharon, hershöfðingi, og hefur flokkurinn unnið fáheyrð grimmdarverk gegn Aröbum. Yfirmenn ísraelska hersins eru margir fyrrverandi meðlimir þessa "einkahers Dayans" og annast meðlimir hans m.a. mikinn hluta af nýliðaþjálfun ísraelska hersins."

Stb.: Hversu margir Palestínuarabar lifa í flóttamannabúðum utan Palestínu?

"Það eru á aðra milljón Araba, sem lifa í flóttamannabúðunum. Sumir þeirra hafa lifað þar allt frá 1948, og upp er kominn kynslóð sem lifað hefur þar allt sitt líf. Þess eru fjölmörg dæmi, að menn hafa þurft að taka sig upp og flýja undan síonistunum 3-4 sinnum, eftir því sem þeir hafa hernumið stærri landssvæði í árásarstríðum sínum gegn Aröbum. En jafnvel í flóttamannabúðunum eru Palestínuarabar ekki óhultir fyrir grimmdarverkum síonistanna, því margoft hefur ísraelski flugherinn gert loftárásir á flóttamannabúðirnar og drepið konur og börn svo þúsundum skiptir. Sú fjölskylda Palestínuaraba er vandfundinn sem ekki hefur greitt "blóðskatt" til síonistanna."

Stb.: Hvernig er stuðningi sósíalisku landanna við ykkur háttað?

"Hann er gríðarlega mikill. Allt frá myndun samfylkingarinnar 1963 hefur kínverska alþýðulýðveldið stutt okkur dyggilega, jafnt efnahagslega sem pólitískt. Við lítum svo á, að við séum í and-heimsvaldasinnuðu bandalagi með alþýðu Indó-Kína, sósíalisku löndunum, öllum fjölda kúgaðrar alþýðu þriðja heimsins og öreigum heimsvaldalandanna. Það hefur veitt okkur ómetanlegan siðferðislegan stuðning, og fleiri og fleiri ganga nú veg baráttunnar."

Stb.: Við kommúnistar í KSML styðjum ykkur samkvæmt alþjóðahyggju öreiganna, með því að vinna byltingarstarf hér á landi og reka áróður fyrir ykkar málstað. Er nokkuð sem þið viljið segja að lokum?

"Við viljum taka það fram, að baráttunni er hvergi nær lokið. Októberstríðið 1973 þjappaði Palestínuaröbum þéttar saman og alger einhugur ríkir um að berjast áfram uns því takmarki er náð, að gereyða ríki síonista. Síonistar kjósa að líta á okkur sem glæpamenn, en ekki aðila sem á í stríði gegn þeim.

Fara þeir með okkar menn sem þeir handsama samkvæmt því; líta á þá sem glæpamenn en ekki stríðsfanga. Fjölmiðlar heimsvaldaríkjanna renna stoðum undir þess skilgreiningu síonistanna. Við styðjum heilshugar þá byltingarbaráttu, sem íslenskir kommúnistar berjast - við eigum í höggi við sameiginlegan óvin, þar sem heimsvaldastefnan er. Við þökkum þann stuðning, sem þið hafið veitt okkur með því að reka áróður fyrir okkar málstað, með því að útskýra réttilega eðli baráttunnar gegn síonistunum. Málstaður alþýðunnar er okkar málstaður, og hann mun sigra. Heimsvaldastefnan er dæmd til að láta í minni pokann."

ÓI/HG

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

Framvegis verður lausasöluverð kr. 40 á 8 síðna blað og 30 kr. á 4 síðna blað. Áskriftagjöldin hækka vegna aukins kostnaðar við útgáfuna en einnig er um hækkun að ræða sökum aukinna útgáfutíðni, þ.e. 12 blöð á ári í stað 8.

Áskriftagjöldin verða því sem hér segir:

Venjuleg áskrift	400.oo
Stuðningsáskrift	600.oo
Baráttuáskrift	800.oo

Ennfremur verður tekin upp sú nýbreytni að bjóða hálfsársáskrift að Stéttabaráttunni:

Venjuleg áskrift	250.oo
Stuðningsáskrift	350.oo
Baráttuáskrift	500.oo

Skrifið til KSML, Pósthólf 1357, Reykjavík.

ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML

Niður með hægrihentistefnuna! Lifi baráttan fyrir kommúniskum byltingarflokki!

LENÍN STALÍN forlagið

Út er kominn nýr bæklingur hjá KSML sem hefur að geyma samþykktir og niðurstöður 1. ráðstefnu KSML, er haldin var 27. - 30. des. 1973.
Í bæklingnum er að finna uppgjör við hægrihentistefnuna og samþykktir um einstök mikilvæg mál, svo sem þjóðernismálið, landhelgismálið, Atlantshafsbandalagið, afstöðuna til ríkisvaldsins og hins borgaralega flokkakerfis á Íslandi og afstöðuna til auðvaldskreppunnar.

Verð bæklingsins er 150.oo kr.

FRH. AF FORSÍÐU

SKATTAR...

urinn mun verða kúgaður svo lengi sem auðvaldsþjóðfélagið er við lýði. Allar tilraunir SR og Fylkingarinnar til að réttlæta áhuga sinn á aðferðum auðvaldsins við að arðræna verkalýðinn, með því að vísa til marxismans og "raunhæfrar" og "málefnalegrar" baráttu fyrir hagsmunum verkalýðsins, verða að engu þegar afstaða marxismans til skatta er borin saman við aumlegt tístið í þessum Don Quijotum íslenskrar verkalýðshreyfingar. Í bók sinni "Um húsnæðismál" segir F. Engels, vopnabróðir Marx og hinn höfundur Kommúnistaávarpsins:

"Skattar! Það er nokkuð sem borgarastéttin hefur gífurlegan áhuga á, en verkalýðurinn aðeins óverulegan. Það sem verkamaðurinn borgar í skatta gengur þegar til lengdar lætur inn í framleiðslukostnað vinnukraftsins og þannig verður kapítalistinn að bæta það. Allir þessir punktar, sem hér er haldið fram sem mjög mikilvægum vandamálum fyrir verkalýðsstéttina, eru í rauninni mjög mikilvægar aðeins fyrir borgarana og ennþá meira smáborgarana, og við fullyrðum, hvað sem Proudhon segir, að verkalýðurinn hafi ekki það verkefni að gæta hagsmuna þessara stétta." (F.E.: Bostadsfragan, bls. 50).

Greinilega er þetta atriði AB, SR og Fylkingunni sammerkt, "að gæta hagsmuna þessara stétta", arðræningja og smáborgara. Vissulega getur enginn bannað þeim að hafa slíkar skoðanir, en einmitt þess vegna hafa þeir engan rétt til að kalla sig kommúnista, eða kenna sig við marxismann. Verkalýðsstéttinni væri þægð í því, að þessir herramenn hættu að kenna sig við háleitar hugsjónir kommúnismans og veldu sér nafn í samræmi við þá þjónustu, sem þeir vinna auðvaldinu.

SÓSÍALDEMÓKRATÍIÐ: TAKTÍSKUR HÖFUÐFJANDMAÐUR VERKALÝÐSINS.

Margir hafa sjálfsagt spurt sig að því, hvers vegna KSML ráðist svo hart gegn Alþýðubandalaginu, Sósíalistafélagi Reykjavíkur og Fylkingunni. Þetta eru þó allt "vinstrimenn" og "sameining væri nær lagi en sundrung" o.s.frv. En að halda slíku fram er að skoða aðeins ytra borðið, en skyggnast ekki undir það, skoða ekki eðli hlutarins. F. Engels sagði einhverju sinni, þegar hann átti í höggi við yfirskins-marxistann E. Dühring:

"Þó ég flokkaði skóbursta undir spendýr, myndi það alls ekki þýða að þar með fengi hann mjólkurkirtla."

Hið sama er að segja um Alþýðubandalagið, Sósíalistafélag Reykjavíkur og Fylkinguna. Þó þeir flokki sig sjálfir undir "sósíalista", "vinstrimenn" og "marx-lenínista", þýðir það engan veginn að þeir verði þar með raunverulegir marxistar-lenínistar eða raunverulegir verkalýðssinnar. Mennirnir verða ekki dæmdir eftir orðum sínum heldur gerðum, var Lenín vanur að segja um þá "sósíalista", sem í orði kenndu sig við marxismann, en þjónuðu hagsmunum arðræningjanna í verki. Í raun og veru er málum þannig háttað, að AB-forystan hefur fyrir löngu svikið málstað verkalýðsins og tekið "þjóðrembingsafstöðu" með sinni borgarastétt og hagsmunum síns "þjóðlega auðvalds". Þegar launaskerðingin verður verkalýðnum ljós, þegar kjörin versna, atvinnuleysi eykst og Ísland sogast inn í hringiðu heimskreppunnar; þá munu augu verkalýðsins opnast fyrir þeim svikum, sem AB-forystan hefur framkvæmt fyrir löngu. Þegar slíkt gerist og verkalýðurinn tekur að leita undan stjórn hægri-sósíaldemókratanna, öðlast "vinstri-sósíaldemókratíið" sérstaka þýðingu.

FYLKINGIN: VINSTRI ARMUR SÓSÍALDEMÓKRATÍSINS.

Með "byltingarsinnuðum" slagorðum um róttækar breytingar á skattakerfi, tryggingum, atvinnulýðræði o.s.frv., með því að sætta byltingarviðleitni verkalýðsins og hægri-sósíaldemókratíið, með því að draga baráttuna fyrir sósíalismanum inn á svið endurbótanna undir byltingarsinnuðu yfirskini; á þennan hátt þjónar "vinstri": armur sósíaldemókratísins hlutverki sínu sem varnarveggur til vinstri til að stemma stigu við byltingarviðleitni og aukinni baráttu fjöldans. Dæmi úr íslenskri stéttabaráttu sýna og sanna, að þannig er þessu farið, algerlega óháð vilja smáborgaralegu sósíalistanna. Í besta falli eru þeir "nytsamir sakleysingjar" borgaranna og í versta falli eru þeir meðvitaðir svikarar við hagsmuni og baráttumarkmið verkalýðsstéttarinnar. Við þekkjum hvernig AB var drífandi í landhelgismálinu, samtímis sem Fylkingin og SR ýlfruðu um "engan undanslátt" í þessu hagsmunamáli íslenska fjármálaauðvaldsins. Við þekkjum líka hvernig Alþýðubandalagsmennirnir í ASÍ-forystunni settu fram kröfuna um "verkalýðsyfirráð yfir lífeyrissjóðum", samtímis sem Fylkingin barðist með klóm og kjafti fyrir framkvæmd þessarar umbótar með því að styðja við bakið á stéttsvikaraforystunni í ASÍ. Berið saman afstöðu þessara tveggja arma sósíaldemókratísins til annarra mála, herstöðvamálsins t.d., og þið munuð strax komast að raun um, að afstaða Fylkingarinnar og SR er eðlislega sú sama og afstaða AB-forystunnar. Mismunurinn felst í háværari kröfum fyrir sama markmið.

"En er ekki skárra að sameinast gegn íhaldinu," kann einhver að spyrja? KSML svarar þessarri spurningu neitandi, vegna þess, að við álítum að sá flokkur (eða samtök), sem þjónar borgarastéttinni, hvort sem er huglægt eða hlutlægt, sé fjandmaður verkalýðsins. Og það sem meira er, sá flokkur sem þjónar hagsmunum borgarastéttarinnar hlutlægt, en lýsir sig samtímis vera verkalýðsflokk, er helmingi hættulegri, því hann er fjandmaður, sem kemur fram undir yfirskini vinar. Wilhelm Liebknecht, þýski kommúnistinn, sagði einu sinni, að sá óvinur, sem "smýgur inn í raðir vorar sem vinur og félagi, er óvinurinn, eini óvinurinn sem við þurfum að óttast!" Því að ofbeldi borgarastéttarinnar fæðir af sér andspyrnu verkalýðsins; afturhaldssöm lög, lögregluþvinganir og samskonar kúgunaraðgerðir vekja aðeins verkalýðinn til baráttu og herða hann og gera einbeittari, en óvinur í gervi vinar er þúsund sinnum hættulegri og varasamari, því að hann svæfir baráttuvilja verkalýðsins með loforðum um endurbætur, vekur hjá honum vonir um að takast megi að gera auðvaldsþjóðfélagið mannúðlegt og sósíaliskt o.s.frv. o.s.frv.

Af þessum orsökum hefur KSML barist ósveigjanlega gegn hentistefnunni og "sameiningarpólitík" hennar í hvaða mynd sem hún hefur birst, hvort sem er innan samtakanna eða utan þeirra. "Sameiningarpólitík" sósíaldemókratísins gengur út á sameiningu verkalýðsstéttarinnar og borgarastéttarinnar um hagsmuni hinnar síðarnefndu. Slík pólitík gengur út á stéttasamstarf. KSML vilja annars konar sameiningu, sameiningu verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar, ekki aðeins gegn auðmönnunum og ríkisvaldi þeirra, heldur einnig gegn sósíaldemókratíinu í AB-forystunni og vinstrihelmingi þess í SR og Fylkingunni. Þess vegna hefur KSML sett fram vígorðið: Niður með hægrihentistefnuna! Lifi baráttan fyrir kommúniskum byltingarflokki!

kg